

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 2-2018

Tími: Fimmtudagur 15. febrúar 2018 á Keldnaholti og í síma kl. 16:30

Mætt: Sæmundur Sveinsson, Helena Guttormsdóttir, Bjarni Stefánsson á Keldnaholti, Margrét Gísladóttir, Sunna Þórarinsdóttir og Hafdís Hanna Ægisdóttir í símanum. Hilmar Janusson boðaði forföll. Guðfinna Bjarnadóttir kom inn á fundinn. Guðríður Helgadóttir ritaði fundargerð.

1. Stefnumótun Lbhí

Guðfinna Bjarnadóttir og fyrirtæki hennar hafa verið ráðin til að stýra stefnumótun fyrir Landbúnaðarháskóla Íslands. Guðfinna fór yfir aðferðafræði stefnumótunar og áætlun um framgang verkefnisins fram á vor. Hún kynnti verkefnahóp stefnumótunar sem er skipuð framkvæmdastjórn skólans. Stefnt er að því að unnin verði drög að stefnumótun sem verða svo kynnt fyrir háskólaráði í apríl.

2. Umræður

Rætt var um mikilvægi stefnumótunar fyrir Lbhí

3. Atriði ritskoðað

4. Fjárhagur Lbhí

Rektor kynnti yfirlit yfir þróun fjárveitinga til Lbhí frá stofnun skólans. Hann fór jafnframt yfir niðurstöður fjárhags fyrir árið 2017 og framlög til skólans fyrir árið 2018. Í heildina hækka framlög til skólans um tæpar 44 mkr frá 2017 til 2018.

5. Aukið samstarf milli Lbhí og Háskólans á Bifröst

Rektor fundaði með Vilhjálmi Egilssyni, rektor Háskólans á Bifröst þar sem rætt var um nánara samstarf milli skólanna á grunni sameiginlegra hagsmunamála og tækifæra. Samþykkt var að bjóða Vilhjálmi inn á næsta fund háskólaráðs.

6. Auglýsing um embætti rektors Lbhí

Rætt var um innihald auglýsingar um embætti rektors Lbhí og hvaða eiginleika nýr rektor þyrfti að hafa til brunns að bera. Rektor falið að bera drög að auglýsingu vandlega saman við lagaramma háskóla og senda svo til háskólaráðs til skoðunar fyrir birtingu. Jafnframt var rektor falið að koma með tillögu að einstaklingum í valnefnd fyrir skipan næsta rektors.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:52.